

LÍN

28/04/97

Alþingi

Erindi nr. p 121/1882

komudagur 30.4.1997

MINNISBLAÐTil Sigríðar Önnu.
Frá LJ og GF.**Efni: Fyrirspurnir menntamálanefndar Alþingis til starfsmanna LÍN.**

Vísað er í umræður á fundi menntamálanefndar Alþingis um frv. til laga um breytingu á lögum um LÍN og fyrirspurnir sem þar komu fram svo og í faxi frá ritara nefndarinnar dags. 25. apríl s.l.

Svör við fyrirspurnunum fara hér á eftir:

*** Eiginfjárstaða sjóðsins:**

Óskað eftir upplýsingum um eiginfjárstöðu LÍN. Í því efni vísast til nánari umfjöllunar í skýrslu meirihluta stjórnar sjóðsins "Reynslan af gildandi lögum og reglum um LÍN bls. 5 og bls. 10 og 11; enn fremur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í nóvember 1995 "Úttekt á fjárhagsstöðu lánasjóðs íslenskra námsmanna" bls. 10 og 11. Þar er gerð grein fyrir eiginfjárstöðu sjóðsins að nafnvirði á tímabilinu 1988-1995 og eiginfjárstöðu skv. tvenns konar núvirðisreikningsaðferðum.

Í þessu sambandi skal eftirfarandi tekið fram:

1. Reiknað hefur verið með (Ríkisendurskoðun, Hagfræðistofnun HÍ) að þörf framlaga úr ríkissjóði hafi verið 66% af útlánum í tíð fyrri laga um LÍN og 52-54% eftir að lögum og reglum var breytt 1992. Þá er miðað við 6% ávöxtunarkröfu eða m.ð.o. að lán sem sjóðurinn tekur beri 6% vexti.
2. Framlög eftir gildistöku laga um sjóðinn frá 1992 hafa verið hærrí en sem nemur 52-54%, eða sem svarar um 900 millj. króna alls. Á hinn bóginn vantaði 1.360 millj. króna upp á að framlög næðu 66% hlutfalli af útlánum árin 1990- og 1991. Þá hefur verið tekið tillit til aukafjárveitingar sem veitt var á árinu 1991.
3. Samkvæmt framansögðu hefur skort á að framlög hafi verið í samræmi við útreikninga ef litið er til alls tímabilsins 1990- 1996. Að auki hefur sjóðurinn þurft að taka lán fram til ársins 1993 sem bera hærrí vexti en 6%. Reiknuð eiginfjárstaða sjóðsins hefur því versnað af framangreindum ástæðum.
4. Meðalvextir sjóðsins eru nú um 6% af teknum lánum. Reiknuð núvirt eiginfjárstaða sjóðsins var jákvæð um 450 millj. króna í árslok 1995 og ætti hún að haldast í horfi ef þeirri reglu verður fylgt að framlög taki mið af þeim kostnaði sem hlýst af námsaðstoðinni hverju sinni. Þetta hefur verið gert á undanförmum árum, en þó hafa þeir útreikningar byggst á áðurnefndri forsendu um 6% reiknivexti.

*** Gagnrýni Ríkisendurskoðunar á ábyrgðamannakerfi.**

Ríkisendurskoðun fjallar um sjálfskuldarábyrgðir LÍN í skýrslu sinni Úttekt á fjárhagsstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Gagnrýni Ríkisendurskoðunar á ábyrgðamannakerfið byggði á því að vanskil kynnu að aukast þegar námsmönnum yrði gert að greiða 7% af árstekjum í endurgreiðslur námslána og því myndu

afborganir af lánunum lenda í meira mæli á ábyrgðarmönnum en í dag. Í skýrslunni er ekki mælt með neinu í staðinn fyrir ábyrgðarmannakerfið. Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir að endurgreiðsluhlutfallið verði lækkað í 4.75% af árstekjum. Sá vandi sem Ríkisendurskoðun fjallar um að þessu leyti ætti því að leysast verði frumvarpið að lögum.

* **Áhrif laganna á fjölda námsmanna, einstæðra mæðra og dreifingu eftir búsetu.**

Óskað er eftir upplýsingum um áhrif laganna frá 1992 á nokkur atriði, þ.e. fjölda námsmanna, einstæðra foreldra og fjölda námsmanna eftir búsetu. Óhætt er að segja að engar upplýsingar liggja fyrir um bein áhrif laganna á þessi atriði. Þó upplýsingar liggja fyrir um fjölda námsmanna er ekki þar með sagt að rekja megi allar breytingar, fækkun jafnt sem fjölgun til áhrifa laganna. Á það skal bent að um leið og lögnum var breytt 1992 voru innritunargjöld við Háskóla Íslands aukin og reglum breytt í sambandi við dagvistun barna námsmanna. Því verður að gæta þess við túlkun slíkra upplýsinga að mörg önnur atriði en lög og reglur um LÍN hafa áhrif á sókn manna í nám.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um og einnig er fjallað um framangreind efni í skýrslu meirihluta stjórnar LÍN um reynsluna af gildandi lögum og reglum um sjóðinn:

1. **Fjöldi námsmanna.**

Námsmönnum í lánshæfu námi á Íslandi hefur fjölgað frá því sem var fyrir 1992. Á námsárinu 1991-92 voru 9.509 námsmenn í lánshæfu námi á Íslandi, þeim fækkaði í 9.092 á námsárinu 1992-93, en voru 10.411 á námsárinu 1996-97. Það skal tekið fram að athuganir hafa sýnt að virkum nemendum við Háskóla Íslands fækkaði ekki milli námsáranna 1991-92 og 1992-93 þó innrituðum nemendum hafi fækkað.

Sambærilegar upplýsingar eru ekki til staðar um námsmenn í námi erlendis. Því hefur verið notast við tölur um lánþega í námi erlendis. Lánþegum erlendis hefur farið fækkandi frá námsárinu 1990-91, þ.e. frá því fyrir lagabreytinguna. Námsárið 1991-92 voru 2.460 lánþegar við nám erlendis en 1.805 á námsárinu 1996-97. Tekið skal fram að athuganir hafa sýnt að breytt lánþegahugtak fækkar lánþegum erlendis um 150, þ.e. um 150 námsmenn stunda nám erlendis en fá ekki lán þar sem þeir skila ekki tilskildum árangri en hefðu fengið lán afgreitt fyrirfram samkvæmt fyrri lögum. Einnig liggja fyrir upplýsingar um að Íslenskum námsmönnum sem þiggja aðstoð lánasjóða á hinum Norðurlöndunum hefur fjölgað um 100 á gildistíma laganna. Ef tölur um námsmenn erlendis eru leiðréttar með tilliti til þessara upplýsinga þá eru námsmenn erlendis nú um 2.055.

Námsmönnum í lánshæfu námi hefur því fjölgað um 500 manns á tímabilinu, þ.e. úr 11.969 í 12.466.

2. **Fjöldi einstæðra mæðra í hópi námsmanna.**

Engar upplýsingar liggja fyrir um fjölda einstæðra mæðra/foreldra í hópi námsmanna. Á hinn bóginn hefur sjóðurinn athugað hlutfall einstæðra foreldra af heildarfjölda lánþega. Á árunum 1987-89 voru einstæðir foreldrar yfirleitt um 4-5% af heildarfjölda lánþega. Þetta hlutfall hækkaði í 8% 1989-90, 7% 1990-91 og aftur 8% 1991-92. Eftir það hefur hlutfallið verið 7%.

3. Dreifing námsmanna eftir búsetu á höfuðborgarsvæðið annars vegar og hins vegar á landsbyggðina.

Engar marktækar upplýsingar liggja fyrir um hvort sókn manna í nám eftir landshlutum hefur broyst í gegnum árin. Það er miklum vandkvæðum bundið að afla slíkra upplýsinga þar sem mjög algengt er að menn færi lögheimili sitt þegar þeir fara í nám í öðrum landshluta. Athugun sem gerð var fyrir fjárlaganefnd Alþingis og tók til námsáranna 1991-92, 1992-93 og 1993-94 sýndi að ekki var marktækur munur á hlutfalli lánþega eftir kjördæmum á þessum tímabilum. Starfsmenn LÍN unnu þessa athugun með þeim fyrirvara að hún byggðist á mjög ótraustum forsendum sbr. það sem áður er sagt um heimilisföng námsmanna.

*** Áætlun tekna hjá greiðendum sem búa erlendis.**

Spurt var um áætlun tekna hjá greiðendum námslána sem búa erlendis og hafa þar atvinnutekjur. Sjóðurinn áætlar tekjur þeirra greiðenda sem ekki eru skattskyldir á Íslandi. Þeim er gefinn kostur á að leggja fram upplýsingar um raunverulegar tekjur sínar erlendis og er endurgreiðslan leiðrétt í samræmi við þær upplýsingar. Í framhaldi af því er viðkomandi annaðhvort endurgreitt eða gert að greiða meira. Miðað hefur verið við ríflegar tekjur til þess að sem flestir sjái sér hag í því að senda sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar erlendis frá, þannig hafa árstekjur slíkra manna undanfarin ár verið áætlaðar 3.500.000 krónur. Í þessum tilfellum er bent á greiðsluseðli á að tekjur séu áætlaðar og að árgreiðslan verði leiðrétt ef skilað er inn tilskildum gögnum.

*** Um endurgreiðslur námslána og jaðaráhrif.**

Þá var einnig spurt um samspil fastrar greiðslu og tekjutengingar og jaðaráhrif endurgreiðslu námslána með tilliti til húsbrefakerfisins.

Almennt má segja eftirfarandi um samspil fastrar greiðslu og tekjutengdrar afborgunar. Ef upphæð fastrar greiðslu er lækkuð verður hlutur tekjutengdrar afborgunar meiri, þ.e. fyrir meðalgreiðandann verður árgreiðslan sú sama, en hann greiðir lægri fasta greiðslu fyrri hluta árs en hærri tekjutengda afborgun síðari hluta ársins. Kostnaðaraukning sjóðsins vegna slíkrar breytingar miðast því í flestum tilfellum við vexti af þeim greiðslum sem þannig eru færðar til á árinu. Hjá mjög tekjulágum greiðendum getur þetta á hinn bóginn leitt til lækkunar á árgreiðslu, í þeim tilfellum lengist afborgunartími námslána þessara einstaklinga og kostnaðaraukning sjóðsins miðast við vexti af þeim hluta ársafborgunarinnar sem frestast allt til loka afborgunartímans.

Um einstök endurgreiðsludæmi sjá fskj. 2. eftir mismunandi hlutfalli tekjutengingar.

Á fskj. 1. er fjallað um jaðaráhrif endurgreiðslu námslána. Í því sambandi ber að undirstrika að gera þarf skýran greinarmun á reglum Húsnæðisstofnunar annars vegar og ákvæðum laga um LÍN.

Meðf. fskj. 1 og 2 um jaðaráhrif og endurgreiðsludæmi.

Fylgiskjal I

Fyrirspurn um jaðaráhrif endurgreiðslu námslána með tilliti til húsbrefukerfisins.

Byggt er á upplýsingum frá Húsnæðisstofnun sem fram koma í skýrslu Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna um áhrif og afleiðingar breyttra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í töflu er þar kemur fram á bls. 22 hefur nú verið bætt inn í hverjar tekjur þurfa að vera m.v. 4,75% endurgreiðslubyrði námslána og einnig hjá þeim er ekki skulda námslán.

Endurgreiðsla námslána	Íbúð að andvirði 6,5 milljóna króna		
	Ekkert	1.000.000	2.000.000
Skuldar ekki námslán	342.792	251.750	149.625
3,75% endurgreiðslubyrði	433.000	318.000	189.000
4,75% endurgreiðslubyrði	461.887	341.132	203.396
5% endurgreiðslubyrði	470.000	348.000	207.000
7% endurgreiðslubyrði	556.000	410.000	245.000

Af meðfylgjandi töflu má sjá hve mikið námsmaður þarf að auka tekjur sínar eftir skatta, lífeyrissjóðsgreiðslur og afborganir námslána umfram þann er ekki skuldar námslán. Miðað er við að eigið fé sé ekkert. Námsmenn þurfa að hafa aukið ráðstöfunarfé frá krónum 47.000 - 104.500 til þess að geta greitt af sömu skuldum og þeir sem ekki skulda námslán.

	Aukin laun	Líf.sj.	Skattar	Ráðst. fé	LÍN	Ráðst. fé
7% endurgreiðsla	213.208	8.528	85.843	118.837	14.328	104.510
5% endurgreiðsla	127.208	5.088	51.217	70.903	6.106	64.797
4,75% endurgreiðsla	119.095	4.764	47.951	66.381	4.287	62.093
3,75% endurgreiðsla	90.208	3.608	36.320	50.280	3.248	47.032
Skuldar ekki námslán	0	0	0	0	0	0

Námsmaður með 4,75% endurgreiðslubyrði verður að hafa 62.000 krónum meiri ráðstöfunartekjur á mánuði (119.000 krónum hærri laun) en sá er ekki skuldar námslán til þess að standa undir sömu skuldbindingum, þ.e. til að greiða af sömu lánunum samkvæmt vinnuáðferðum Húsnæðisstofnunar við greiðslumat.

Rétt er að taka fram að stjórn LÍN hefur gert athugasemdir við ofangreinda framkvæmd greiðslumats, að mati stjórnarinnar er eðlilegra að taka tillit til greiðslu námslána með þeim hætti að draga frá launum þá fjárhæð sem námsmaður þarf að vinna sér inn, fyrir skatta, til að standa undir endurgreiðslu námslána, en að draga hlutfall endurgreiðslu námslána frá greiðslumatshlutfalli Húsnæðisstofnunar. Sömu niðurstöðu má ná með að lækka hlutfall greiðslumats um mun lægri prósentu en nú er gert hjá þeim sem greiða af námslánunum.

Í samhljóða samþykkt stjórnar LÍN frá 23.11.1995 segir meðal annars, "Þetta ákvæði hefur síðan verið framkvæmt þannig að greiðslugeta námsmanns, sem t.d. greiðir 3,75% af launum í afborganir af námslánunum, er skert um 21% (úr 18% í 14,25% af heildarlaunum). Greiðslugeta námsmanns sem greiðir 7% af launum í afborganir af námslánunum er með sömu áferð skert um 39%. Þetta fær einfaldlega ekki staðist."

Fylgiskjal 2

ENDURGREIÐSLUR NÁMSLÁNA

Mánaðarlaun	80.000
Árstekjur	960.000
Stofn til greiðslu	921.600

Námslánaskuld	1.700.000
---------------	-----------

Endurgreiðslutími í árum

Endurgreiðsla á ári		m.v. 1% vexti
3,75%	34.560	70
4,50%	41.472	54
4,75%	43.776	50

Mánaðarlaun	120.000
Árstekjur	1.440.000
Stofn til greiðslu	1.382.400

Námslánaskuld	1.700.000
---------------	-----------

Endurgreiðslutími í árum

Endurgreiðsla á ári		m.v. 1% vexti
3,75%	51.840	40
4,50%	62.208	32
4,75%	65.664	30

Mánaðarlaun	160.000
Árstekjur	1.920.000
Stofn til greiðslu	1.843.200

Námslánaskuld	1.700.000
---------------	-----------

Endurgreiðslutími í árum

Endurgreiðsla á ári		m.v. 1% vexti
3,75%	69.120	29
4,50%	82.944	23
4,75%	87.552	22

Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur hefjist 2 árum eftir námslok.

Ekki er tekið tillit til raunlaunahækkana.

Námslánaskuld er í öllum tilfellum hin sama, kr. 1.700.000.

Fylgiskjal 2

Mánaðarlaun	200.000
Árstekjur	2.400.000
Stofn til greiðslu	2.304.000

Námslánaskuld 1.700.000

		Endurgreiðslutími í árum	
Endurgreiðsla á ári		m.v. 1% vexti	
3,75%	86.400		22
4,50%	103.680		18
4,75%	109.440		17

Mánaðarlaun	250.000
Árstekjur	3.000.000
Stofn til greiðslu	2.880.000

Námslánaskuld 1.700.000

		Endurgreiðslutími í árum	
Endurgreiðsla á ári		m.v. 1% vexti	
3,75%	108.000		17
4,50%	129.600		14
4,75%	136.800		13

Mánaðarlaun	300.000
Árstekjur	3.600.000
Stofn til greiðslu	3.456.000

Námslánaskuld 1.700.000

		Endurgreiðslutími í árum	
Endurgreiðsla á ári		m.v. 1% vexti	
3,75%	129.600		14
4,50%	155.520		12
4,75%	164.160		11

Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur hefjist 2 árum eftir námslok.
Ekki er tekið tillit til raunlaunahækkana.
Námslánaskuld er í öllum tilfellum hin sama, kr. 1.700.000.